

# Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ

Ár 2021, þriðjudaginn 3. ágúst, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Presti Ríkharðssyni, Gunnari Guðmundssyni og Helga R. Magnússyni.

Fyrir er tekið málið nr. 11/2021:  
Ungmennafélagið Samherjar, kt. 540198-2689  
gegn  
Vatnaliljur, kt.

Gögn málsins merkt nr. 1-3 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

## ÚRSKURÐUR:

### I.

#### **Kærandi:**

Ungmennafélagið Samherjar,  
kt. 540198-2689  
Hrafnagilsskóla, 601 Akureyri  
Fyrirsvarsmaður: Ágúst Örn Víðisson

#### **Kærði:**

Vatnaliljur  
kt.  
Dalsmári 9-11, 201 Kópavogur  
Fyrirsvarsmaður: Kristinn Pálsson

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ 20. júlí sl. Kærða var gefinn kostur á að skila greinargerð innan viku með bréfi dags. sama dag. Svar barst frá kærða þann 22. júlí sl.

#### **Kröfur:**

Kröfur kæranda eru að Ungmennafélaginu Samherja verði dæmdur 3-0 sigur í leik liðanna er fram fór þann 17. júlí 2021 í Íslandsmóti karla, 4. deild, D-riðli.

Þá er gerð krafa um að kærða verði gert að greiða kæranda kr. 50.000 í ferðakostnað vegna umrædds leiks.

### II.

#### **Málsatvik og ágreiningsefni:**

Kærandi lýsir málavöxtum svo að í leik liðanna er fram fór þann 17. júlí 2021 í Íslandsmóti karla, 4. deild, D-riðli, hafi Vatnaliljur notað ólöglegan leikmann. Nánar

tiltekið hafi leikmaður Vatnalilja, Óðinn Ómarsson, átt að vera í leikbanni í umræddum leik með vísan til úrskurðar aganefndar frá 13. júlí 2021.

Máli sínu til stuðnings vísar kærandi til gr. 36.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

### III.

Hinu kærða félagi var gefinn kostur á að skila greinargerð og barst svar frá félaginu þann 22. júlí sl. Ekki eru gerðar athugasemdir við málavaxtalýsingu af hálfu kærða og vísað til þess að um mistök hafi verið að ræða hvað varðar umræddan leikmann.

Af hálfu kærða er þó mótmælt kröfu um að félaginu verði gert að greiða kæranda kr. 50.000 í ferðakostnað.

### IV.

#### Niðurstaða:

Í máli þessu hefur Ungmennafélagið Samherjar kært Vatnaliljur fyrir að nota ólöglegan leikmann í Íslandsmóti karla, 4. deild, D-riðli. Felst í því að kærandi telur Vatnaliljur hafa verið með ólöglega skipað lið í tilteknum leik, sbr. gr. 36.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Ekki er ágreiningur um að umræddur leikmaður kærða var með úrskurði aga- og úrskurðarnefndar þann 13. júlí 2021 úrskurðaður í leikbann. Ljóst er af fyrirliggjandi gögnum að tilgreindur leikmaður kærða lék með liðinu í leik liðsins við kæranda er fram fór þann 17. júlí 2021 í Íslandsmóti 4. deild, D-riðli, þrátt fyrir að hafa verið í leikbanni. Er það brot á grein 36.1. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og telst lið Vatnalilja í umræddum leik því hafa verið ólöglega skipað.

Ber skv. þessu að taka kröfur kæranda hvað þetta varðar til greina og skulu úrslit í leik Ungmennafélags Samherja gegn Vatnaliljum í Íslandsmóti karla, 4. deild, D-riðli, sem fram fór þann 17. júlí 2021 breytt og hann dæmdur tapaður fyrir Vatnaliljum með markatölunni 0-3.

Skylt er samkvæmt gr. 36.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, að dæma kærða til greiðslu sektar samhliða viðurlögum við þessu broti og skal kærði greiða kr. 50.000,- í sekt til KSÍ.

Krafa kæranda um að kærði greiði honum kr. 50.000 í ferðakostnað vegna umrædds leiks er ekki studd nokkrum gögnum. Þá hefur kærandi ekki verið vísað til neinna ákvæða í lögum eða reglugerðum KSÍ sem geta skotið einhverjum stoðum undir kröfu hans um greiðslu úr hendi kærða. Er krafan með öllu vanreifuð og verður því að hafna henni.

### V.

### **Um fresti vegna áfrýjunar:**

Samkvæmt grein 16.3. í reglugerð KSÍ um aga-og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

### **VI.**

#### **Úrskurðarorð:**

Úrslitum í leik Ungmennafélags Samherja gegn Vatnaliljum í Íslandsmóti karla, 4. deild, D-riðli, sem fram fór þann 17. júlí 2021 á gervigrasvellinum við Fagralund er breytt og skal leikurinn dæmdur tapaður fyrir Vatnaliljum með markatölunni 0-3.

Kröfu um að Vatnaliljum beri að greiða kr. 50.000 til Ungmennafélagsins Samherja er hafnað.

Kærða, Vatnaliljum, ber að greiða kr. 50.000 í sekt til KSÍ.

Þróstur Ríkharðsson [sign]

Gunnar Guðmundsson [sign]

Helgi R. Magnússon [sign]